Desember 2025

Áherslur og aðgerðir Íslands í mannréttinda-málum á alþjóðavettvangi

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið

Áherslur og aðgerðir Íslands í mannréttindamálum á alþjóðavettvangi

© 2025 Utanríkisráðuneytið

Utanríkisráðuneytið
Reykjastræti 8 — 101 Reykjavík
545 9900 | utn@utn.is

Desember 2025

stjornarradid.is

Inngangur ráðherra

Mannréttindi eru grundvallarréttindi okkar allra – alls staðar. Hvar sem við fæðumst og hvernig sem við erum. Því miður eiga þau undir högg að sækja víða um heim og því hefur sjaldan verið mikilvægara að standa vörð um þau. Að huga að jaðarsettum hópum í okkar samfélagi – hvort sem um ræðir fatlað fólk, hinsegin fólk, konur eða fólk af erlendum uppruna. Við Íslendingar eigum góða sögu að segja en megum ekki sofna á verðinum.

Ísland hefur ávallt lagt ríka áherslu á virkt alþjóðlegt samstarf í þágu mannréttinda, friðar og öryggis. Í haust voru liðin 80 ár frá stofnun Sameinuðu þjóðanna sem lagði grunninn að því mannréttindakerfi sem við búum við í dag. Í tilefni af alþjóðlegum degi mannréttinda, 10. desember, hefur utanríkisráðuneytið tekið saman helstu áherslur og aðgerðir Íslands í mannréttindamálum á alþjóðavettvangi. Þessi samantekt veitir innsýn í það þýðingarmikla starf sem Ísland sinnir í þágu mannréttinda og undirstrikar að vernd réttinda og mannlegrar reisnar er ekki einungis siðferðileg skylda heldur lykillinn að varanlegum friði og stöðugleika í heiminum.

Undanfarin ár hefur Ísland tekið að sér sífellt stærri verkefni hvað varðar vernd mannréttinda á alþjóðavettvangi. Þar má nefna setu Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna, í framkvæmdastjórn UNESCO og formennsku í Evrópuráðinu. Lærdómurinn sem við drögum af þátttöku okkar í þessum mikilvægu verkefnum er að Ísland getur haft áhrif langt umfram stærð með því að vera virkur og trúverðugur málsvari mannréttinda og réttlætis í heiminum. Í utanríkisstefnu hefur Ísland staðið vörð um grundvallarmannréttindi allra – óháð þáttum sem geta skapað jaðarsetningu. Sérstök áhersla hefur verið lögð á kynjajafnrétti, réttindi barna og ungmenna, réttindi hinsegin fólks og stuðning við lýðræði, tjáningar- og fjölmiðlafrelsi.

Á viðsjárverðum tímum þar sem víða er vegið að grunngildum mannréttinda er nauðsynlegt að efla og verja samstöðu ríkja um virðingu fyrir mannréttindum, fjölbreytileika og alþjóðalögum. Þessu gerum við okkur grein fyrir í ríkisstjórn Viðreisnar, Samfylkingar og Flokks fólksins en þessi nálgun endurspeglar líka gildi þjóðarinnar og þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland hefur gengist undir. Því var það fagnaðarefni að geta á þessu ári lögfest samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Við lifum nú í heimi þar sem stríðsátök og hungursneyð geisa á sama tíma og gerð er alvarleg aðför að alþjóðakerfinu. Smáríki eins og Ísland á allt sitt undir því að alþjóðakerfið standi sterkum fótum. Sterkt alþjóðlegt samstarf snýst ekki bara um stofnanir heldur um fólk – venjulegt fólk sem lifir frjálsara, öruggara og betra lífi þegar ríki velja samvinnu fram yfir átök. Það ríkir ekki varanlegur friður án virðingar fyrir mannréttindum og engin sátt án réttlætis. Þess vegna munum við áfram vera öflugir málsvarar mannréttinda og tala fyrir framtíðarsýn sem byggir á virðingu og jafnrétti. Þar munum við aldrei gefa afslátt af okkar gildum.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Utanríkisráðherra

Mannréttindi
Leiðarljós í utanríkisstefnu Íslands

Grundvallarhugmynd alþjóðlegs mannréttindakerfis er að mannréttindi séu algild og óafsalanleg. Þau tengjast innbyrðis og engin réttindi eru æðri öðrum. Mannréttindi tilheyra öllum, alls staðar, á öllum tímum – óháð trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kyni, kynhneigð, litarhætti eða öðru. Að standa vörð um þessi réttindi er ekki einkamál ríkja, heldur sameiginleg ábyrgð alþjóðasamfélagsins.

Mannréttindi eru tilgreind sem ein af þremur meginstoðum Sameinuðu þjóðanna í stofnsáttmála þeirra, en hinar tvær eru annars vegar friður og öryggi og hins vegar þróun. Sáttmálinn leggur enn fremur þær skyldur á herðar aðildarríkjum að þau virði algild mannréttindi og vinni þeim framgang á heimsvísu. Með samþykkt mannréttindayfirlýsingar árið 1948 var mannréttindastoð stofnunarinnar styrkt enn frekar, en í henni kemur fram að „allir séu jafnbornir til virðingar og óafsalanlegra réttinda [sem sé] undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum.“ Yfirlýsingin, sem ekki er bindandi, lagði grundvöllinn að alþjóðlegum og svæðisbundnum samningum sem skuldbinda ríki til að vernda mannréttindi borgara sinna og stuðla að því að önnur ríki geri slíkt hið sama.

Mannréttindasáttmáli Evrópu skipar þar lykilsess hvað Ísland varðar, en hann er lagalega bindandi fyrir aðildarríki Evrópuráðsins og veitir einstaklingum möguleika á að sækja rétt sinn gagnvart ríkjum fyrir Mannréttindadómstólnum. Sáttmálinn hefur verið lögfestur hér á landi og var helsta fyrirmyndin að uppfærslu mannréttindakafla íslensku stjórnarskrárinnar árið 1995. Þá er Ísland aðili að Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) en með Helsinki-lokagerðinni (e. *Helsinki Final Act*) frá 1975 skuldbundu aðildarríkin sig til þess að bæta samstarf sín á milli, virða landamæri hvers annars og tryggja mannréttindi íbúa sinna. Virðing og efling mannréttinda er jafnframt lykilþáttur í heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun, sem öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna samþykktu í september árið 2015.

Allt frá inngöngu sinni í Sameinuðu þjóðirnar árið 1946 hefur Ísland lagt áherslu á mannréttindi í utanríkisstefnu sinni. Þessi áhersla hefur vaxið frá aldamótum og meðal annars birst í öflugri þátttöku í starfi Evrópuráðsins, í stigvaxandi þátttöku í starfi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna, og kröftugu fyrirsvari í mannréttindamálum hjá Sameinuðu þjóðunum í New York, meðal annars með formennsku í þriðju nefnd allsherjarþingsins sem fjallar um málefni mannréttinda.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var lögfestur á Íslandi í nóvember 2025. Samningurinn kveður ekki á um sérstök réttindi fyrir fatlað fólk heldur segir að efla, verja og tryggja skuli full og jöfn mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk til jafns við aðra. Samningurinn felur í sér bann við hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar og að fötluðu fólki sé tryggð jöfn og árangursrík réttarvernd gegn mismunun á öllum sviðum. Í þróunarsamvinnu Íslands er aðgengi fatlaðs fólks samþætt í samstarfsverkefnum. Þannig er lögð áhersla á rétt fatlaðra barna til menntunar og á aðgengi í hreinlætis- og vatnsverkefnum. Ísland hefur einnig stutt við verkefni um að byggja aðgangsrampa í Úkraínu til að bregðast við aukinni þörf.

Grundvallaráhersla Íslands á mannréttindi hefur endurspeglast með ýmsum hætti í stefnuyfirlýsingum fyrri ríkisstjórna, í árlegum ræðum utanríkisráðherra á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og í árlegum skýrslum utanríkisráðherra til Alþingis. Árið 2007 markaði ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks heildstæða stefnu Íslands um alþjóðlega mannréttindavernd í tilefni 60 ára afmælis mannréttindayfirlýsingarinnar og stofnunar mannréttindaráðsins árið áður. Mannréttindastefnan hefur reynst gott leiðarljós síðan þá og endurspeglar vel að um þessi mál hefur ríkt þverpólitísk sátt á Íslandi. Þá er jafnan vísað til mikilvægis mannréttinda í annarri stefnumótun á sviði utanríkismála, þar með talið í þjóðaröryggisstefnunni frá 2016 og í norðurslóðastefnunni frá maí 2021. Mannréttindi eru enn fremur leiðarljós í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands, en í stefnu íslenskra stjórnvalda á því sviði fyrir tímabilið 2024-2028, er kveðið á um sérstök stefnumið þar að lútandi.

Ísland í leiðandi hlutverki á sviði mannréttinda

Ísland var kjörið til setu í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna fyrir tímabilið 2025-2027. Mannréttindaráðið (e. *Human Rights Council*) var stofnað árið 2006 og tók við hlutverki mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Í mannréttindaráðinu sitja 47 aðildarríki sem eru kjörin til þriggja ára í senn. Hlutverk ráðsins er að efla og vernda mannréttindi, fjalla um mannréttindabrot og beina tilmælum til einstakra ríkja um umbætur. Í ráðinu leggur Ísland sérstaka áherslu á réttindi kvenna og stúlkna, réttindi barna, réttindi hinsegin fólks og áhrif áskorana í umhverfismálum á mannréttindi. Jafnframt er lögð áhersla á mikilvægi þess að standa vörð um og efla samstöðu um mannréttindi á heimsvísu. Í tengslum við aðildina styrkir Ísland skrifstofu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna (OHCHR) sem stuðlar að vernd mannréttinda um allan heim. Ísland tók fyrst sæti í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna með stuttum fyrirvara árið 2018 og sat til loka árs 2019. Á þeim tíma beitti Ísland sér meðal annars fyrir umfjöllun um mannréttindamál í Sádí-Arabíu og Filippseyjum.

Ísland var kjörið til setu í framkvæmdastjórn Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, fyrir hönd Norðurlandanna fyrir tímabilið 2021-2025. Markmið stofnunarinnar er að vinna að friði og öryggi í heiminum gegnum virðingu fyrir mannréttindum á borð við tjáningarfrelsi, jafnrétti, menningarleg réttindi og réttinn til menntunar. Ísland tók virkan þátt í störfum stjórnarnefndar UNESCO um mannréttindi auk þess sem Ísland gegndi formennsku ríkjahóps um jafnréttismál. Þá leiddi Ísland árlegar samningaviðræður um ályktun um stöðu afganskra kvenna og stúlkna með áherslu á réttinn til menntunar.

Ísland var í formennsku í Evrópuráðinu 2022-2023. Evrópuráðið (e. *Council of Europe*) var stofnað árið 1949 og eru aðildarríkin 46. Fjölmargir alþjóðasamningar hafa verið gerðir á vegum ráðsins en þeirra þekktastur er mannréttindasáttmáli Evrópu. Formennsku Íslands í ráðinu lauk með leiðtogafundi aðildarríkja í Reykjavík í maí 2023 þar sem tilkynnt var um stofnun tjónaskrár vegna stríðsreksturs Rússa í Úkraínu auk þess sem Reykjavíkuryfirlýsingin um lýðræði var samþykkt.

Áherslur Íslands

Vernd og efling mannréttinda fléttast inn í allt starf utanríkisþjónustunnar og eru leiðandi stef í alþjóðlegu málsvarastarfi og þróunarsamvinnu. Sem smáríki og herlaus þjóð á Ísland beina hagsmuni af því að alþjóðalög séu virt og að grundvallarréttindi allra séu tryggð. Vernd mannréttinda er einnig markmið í sjálfu sér. Alþjóðleg framþróun í virðingu mannréttinda hefur ekki verið línuleg og undanfarin ár hefur orðið vart við stöðnun eða bakslag í mannréttindamálum. Þetta bakslag birtist í tilraunum ríkja til að veikja alþjóðlega mannréttindastaðla og jafnvel grafa undan þeim sáttmálum sem gerðir hafa verið. Ísland lætur ekki sitt eftir liggja í að standa vörð um algild og óafsalanleg mannréttindi á alþjóðlegum vettvangi. Virðing fyrir mannréttindum er nauðsynlegur grundvöllur samfélags þar sem einstaklingar geta lifað án ótta og notið frelsis til að tjá sig, trúa og tilheyra.

Á alþjóðavettvangi leggur Ísland megináherslu á fjögur málefnasvið og verður gerð nánari grein fyrir þeim hér á eftir. Þessi málefnasvið eru:

Mikilvægt er að hafa í huga að þessir fjórir áhersluþættir tengjast innbyrðis auk þess sem þeir fléttast saman við ýmis önnur réttindi. Þannig tilheyra einstaklingar oft fleiri en einum hópi samtímis og geta orðið fyrir margþættri mismunun eða hindrunum. Þá er barátta gegn mismunun á grundvelli til dæmis kyns, fötlunar eða kynhneigðar meginforsenda fyrir virku lýðræði og virðingu fyrir tjáningarfrelsi. Í mannréttindastarfi er því þörf á heildrænni nálgun og ekki skal líta á eftirfarandi sem tæmandi upptalningu.

Jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna

Að tryggja öllum sömu tækifæri, virðingu og réttindi óháð kyni er eitt stærsta réttlætismál samtímans. Án kynjajafnréttis er ekki hægt að ná raunverulegu samfélagslegu réttlæti eða fullu frelsi. Jafnrétti kynjanna er enn fremur forsenda sjálfbærs samfélags, lýðræðis og efnahagslegrar framþróunar.

Af þeim fullorðnu jarðarbúum sem eru ólæsir, eru tveir þriðju hlutar konur.

30% kvenna hafa upplifað líkamlegt eða kynferðislegt ofbeldi í nánu sambandi eða kynferðislegt ofbeldi utan þess.

Atvinnuþátttaka kvenna á heimsvísu er tæplega 50% en karla yfir 70%.

Hlutfall kvenna á þjóðþingum heimsins er að meðaltali 27%.

Ísland er í fararbroddi á heimsvísu þegar kemur að jafnréttismálum. Þessi sérstaða og jákvæða ímynd gerir það að verkum að málflutningur og samstarf Íslands á sviði kynjajafnréttis og valdeflingar kvenna hlýtur góðan hljómgrunn og oft er litið til Íslands í þessum málaflokki.

Á alþjóðavettvangi leggur Ísland áherslu á að:

- **Uppræta kynbundið ofbeldi**
- **Tryggja sjálfræði kvenna yfir eigin líkama**
- **Efla þátttöku kvenna í ákvarðanatöku**
- **Virkja karla og drengi í jafnréttisbaráttunni**

Aðgerðir Íslands

Ísland sinnir kraftmiklu málsvarastarfi á sviði kynjajafnréttismála á alþjóðavettvangi. Sendiskrifstofur Íslands efna til viðburða og vinna að framgangi kynjajafnréttis á fjölbreyttan hátt. Fulltrúar Íslands leggja áherslu á jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna og mikilvægi þátttöku kvenna í ákvarðanatöku. Þessi sjónarmið eru samþætt í málsvara- og verkefnastarfi á sviði öryggis- og varnarmála, alþjóðaviðskipta, þróunarmála og mannréttindamála. Hafa ber í huga að konur geta tilheyrt fjölbreyttum öðrum hópum og geta því orðið fyrir margþættri mismunun á grundvelli til dæmis kynhneigðar, fötlunar eða kynþáttar.

Jafnréttismál eru meðal áhersluatriða í störfum Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna 2025-2027. Á vettvangi ráðsins leiðir Ísland vinnu við árlega ályktun ráðsins um stöðu mannréttinda í Íran. Ísland og Þýskaland áttu frumkvæði að stofnun rannsóknarnefndar ráðsins um Íran í kjölfar víðtækra mótmæla þar í landi haustið 2022 eftir dauða Jina Mahsa Amini, baráttukonu fyrir mannréttindum. Ísland var einnig í fararbroddi ríkja sem kölluðu eftir því að stofnuð yrði rannsóknarnefnd um Afganistan, en henni er meðal annars falið að rannsaka kerfisbundna kúgun á konum og stúlkum í landinu.

Kynferðislegt og kynbundið ofbeldi er víðtækasta form ofbeldis gegn konum og stúlkum um allan heim. Þá hefur tækniþróun leitt af sér nýjar birtingarmyndir kynbundins ofbeldis og áreitni á netinu. Ísland er forysturíki bandalags um aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi innan átaksverkefnisins *Kynslóð jafnréttis* á vegum Jafnréttisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UN Women). Ísland er einnig virkur þátttakandi í ríkjahópi sem hefur það að markmiði að vekja athygli á og berjast gegn stafrænu kynbundnu einelti og áreitni.

Ísland stendur einnig vörð um kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi í ályktunum og yfirlýsingum á vettvangi alþjóðastofnana. Í reglubundnum allsherjarúttektum á stöðu mannréttindamála hjá mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna leggur Ísland áherslu á jafnrétti kynjanna og stöðu kvenna í tilmælum sínum til aðildarríkja.

Hugtakið kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi felur í sér öll þau réttindi sem viðkoma kynferði, kynhneigð og frjósemi, þar á meðal sjálfsákvörðunarrétt yfir eigin líkama, frelsi frá þvingun og valdbeitingu og réttinn til að njóta bestu fáanlegu kynheilsu og frjósemi. Málaflokkurinn tengist þannig aðgengi að kynfræðslu og getnaðarvörnum, meðgönguvernd, aðstoð við þolendur kynferðisofbeldis og baráttunni gegn kynfæralimlestingum (e. *female genital mutilation*).

Ísland hefur markvisst haldið á lofti mikilvægi ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Ályktunin, og aðrar sem fylgt hafa í kjölfarið, beina sjónum að ólíkum áhrifum stríðs og átaka á kynin og kalla eftir því að konur taki virkan þátt í öryggis- og friðarmálum og uppbyggingu samfélaga eftir átök. Þær hafa jafnframt varpað ljósi á hvernig kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi hefur verið beitt sem vopni í stríði og ítrekað skyldu ríkja til að koma í veg fyrir það. Ísland var meðal fyrstu aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna til að móta eigin landsáætlun um framfylgd ályktunarinnar árið 2008 og er nú unnið eftir fjórðu landsáætluninni fyrir árin 2025–2030.

Útskrift fyrir þolendur fæðingarfistils, Aberdeen Women's Centre, í Freetown, Síerra Leóne.

Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins (NATO) hefur Ísland verið í hópi þeirra ríkja sem kalla eftir framfylgd ályktunar 1325. Uppfærð stefna bandalagsins um ályktunina var samþykkt árið 2024. Þá fylgir bandalagið stefnu um forvarnir og viðbrögð við kynbundnu ofbeldi í átökum sem samþykkt var árið 2021. Íslensk stjórnvöld hafa stutt við störf alþjóðastofnana á þessu sviði með fjárframlögum og útsendum sérfræðingum.

Ísland hefur tekið frumkvæði í alþjóðlegri baráttu fyrir launajafnrétti kynjanna. Sérstaklega hefur verið bent á að nauðsynlegt sé að finna leiðir til að leiðrétta kerfisbundið vanmat á virði kvennastarfa. Á grundvelli ályktunar Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 2019 var dagurinn 18. september gerður að alþjóðlegum jafnlaunadegi. Dagurinn er tileinkaður baráttu fyrir jafnrétti á vinnumarkaði.

Ísland hefur lengi vel verið málsvari þess að auka þátttöku karla og drengja í baráttunni fyrir kynjajafnrétti. Jafnrétti kynjanna er mikilvægt réttindamál fyrir karla þar sem staðalímyndir kynjanna hafa til dæmis neikvæð áhrif á möguleika karla til að taka jafnan þátt í umönnun barna sinna. Ísland hefur sinnt þessu starfi með fjárframlögum til rannsókna, samvinnu við alþjóðastofnanir og frjáls félagasamtök og með skipulagningu ráðstefna til að hvetja til umræðna meðal karla um jafnréttismál, svokallaðra *Barbershop* viðburða.

Ísland hefur lengi kallað eftir samþættingu kynjasjónarmiða í störfum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og innan Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA). Nýir og uppfærðir fríverslunarsamningar Íslands innihalda flestir samningsákvæði sem miða að því að auka þátttöku kvenna í viðskiptum og efnahagslífi og tryggja jafnan ábata kynjanna af aukinni fríverslun.

Í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands er jafnrétti kynjanna bæði sértækt og þverlægt markmið. Á grundvelli þess styður Ísland margvísleg verkefni, meðal annars um valdeflingu kvenna, menntun stúlkna og kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi auk þess sem kynja- og jafnréttissjónarmið eru samþætt í öllu starfi.

Helstu samstarfsstofnanir í þessum málaflokkum í þróunarsamvinnu eru Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) og UN Women. Lögð er sérstök áhersla á að veita kjarnaframlög sem eru sveigjanleg og gefa stofnunum svigrúm til að ráðstafa fjármunum eftir því hvar þörfin er mest hverju sinni. UN Women vinnur að markmiðum Sameinuðu þjóðanna sem snúa að efnahagslegri og pólitískri valdeflingu kvenna og útrýmingu ofbeldis gegn konum. Á þeim grundvelli starfar stofnunin með stjórnvöldum víðs vegar um heim að stefnumótun á grundvelli jafnréttissjónarmiða og alþjóðalaga um réttindi kvenna. Íslensk stjórnvöld hafa stutt UN Women frá því að stofnunin var sett á laggirnar, sem og forvera hennar UNIFEM, og eru á meðal þeirra framlagsríkja sem veita hvað hæst heildarframlög til stofnunarinnar óháð höfðatölu. Auk kjarnaframlaga veita stjórnvöld meðal annars sérstakan stuðning til verkefna UN Women sem miða að þátttöku karla og drengja í jafnréttisstarfi, til starfsemi stofnunarinnar í Afganistan, Síerra Leóne og Jórdaníu og til sjóða sem styðja við staðbundin kvennasamtök.

Kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi eru forgangsmál í þróunarsamvinnu og gegnir Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna þar lykilhlutverki. Mikilvægir þættir starfseminnar eru að tryggja aðgengi mæðra, nýbura og ungbarna að heilbrigðisþjónustu og að veita þjónustu við þolendur kynferðisofbeldis. Í samstarfi við Mannfjöldasjóðinn styðja stjórnvöld verkefni um að útrýma fæðingarfistli í öllum tvíhliða samstarfsríkjum – Malaví, Síerra Leóne og Úganda. Auk þess á Ísland í samstarfi á sviði kyn- og frjósemisheilbrigðis við önnur ríki og frjáls félagasamtök í samstarfsríkjum í Afríku.

Fæðingarfistill er fylgikvilli fæðinga eða kynferðislegs ofbeldis þar sem op myndast milli leggangna og ristils. Mikill líkamlegur sársauki fylgir fæðingarfistli en einnig félagslegar afleiðingar. Fæðingarfistill er algengari hjá konum sem hafa eignast börn mjög ungar.

Börn og ungmenni

Börn hafa sjálfstæð réttindi á grundvelli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland lögfesti 2013, og tveggja valfrjálsra bókana hans sem Ísland hefur fullgilt. Vernd réttinda barna er lykilforsenda réttláts samfélags.

Eitt af hverjum sex börnum lifa við sára fátækt.

Aldrei hafa fleiri börn búið á átakasvæðum eða hrakist á flótta vegna átaka. Áætlað er að 473 milljónir barna búi á átakasvæðum eða eitt af hverjum sex.

89% nýbura á heimsvísu fengu að minnsta kosti eina bólusetningu fyrir barnaveiki, stífkrampa og kíghósta árið 2024. Helmingur óbólusettra barna býr á átaksvæðum eða við bágt mannúðarástand.

88% barna ljúka grunnskólamenntun (um 12 ára) nú samanborið við 85% árið 2015.

Á alþjóðavettvangi leggur Ísland áherslu á að:

Uppræta ofbeldi gegn börnum

Tryggja öllum börnum aðgang að menntun og grunnþjónustu

Efla þátttöku barna og ungmenna í ákvarðanatöku

Aðgerðir Íslands

Ísland styður við ályktanir og yfirlýsingar er varða mannréttindi barna, meðal annars á vettvangi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins og UNESCO. Þegar Ísland hefur gegnt forystuhlutverkum í alþjóðastofnunum er jafnframt lögð áhersla á að málefni barna séu á dagskrá. Málefni barna eru þannig á meðal áhersluatriða í störfum Íslands í mannréttindaráðinu.

Ísland leggur ríka áherslu á að hvetja aðildarríki Sameinuðu þjóðanna til að framfylgja ákvæðum Barnasáttmálans. Ísland beitir sér sérstaklega fyrir því að útrýma hvers kyns ofbeldi gegn börnum, þar á meðal limlestingum á kynfærum stúlkubarna, barnahjónaböndum og mansali. Þá talar Ísland fyrir réttindum barna til alhliða menntunar án mismununar. Ísland styður einnig við framkvæmd ályktunar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 182 um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana.

Dowhe-grunnskólinn í Namayingo-héraði í Úganda. Ljósmynd: Kibuuka Mukisa.

Ísland hefur einnig miðlað reynslu sinni af barnvænni stefnumótun og því réttarúrræði sem birtist í rekstri Barnahúss. Í Barnahúsi er boðið upp á þverfaglega þjónustu við börn sem hafa orðið fyrir ofbeldi auk þess sem yfirheyrslur og réttarhöld eru haldin á barnvænan hátt. Þetta úrræði er nú viðurkennt sem fyrirmynd barnvæns réttarkerfis og hafa Barnahús verið stofnuð í fjölda aðildarríkja Evrópuráðsins. Að frumkvæði íslenskra stjórnvalda voru á vettvangi Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO) unnar leiðbeiningar sem byggja á starfsemi Barnahúss. Unnið er að því að gefa út ISO-staðla í barnarétti og barnavernd.

Íslensk stjórnvöld styðja við uppbyggingu Barnahúsa í Úkraínu í samstarfi við Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF). Mikil þörf er á úrræðum fyrir börn sem orðið hafa fyrir ofbeldi og eru nú rekin 13 Barnahús að íslenskri fyrirmynd í landinu. Auk framlags til verkefnisins koma sérfræðingar frá Barna- og fjölskyldustofu og Barnahúsi á Íslandi að þjálfun og fræðslu í Úkraínu.

Ísland hefur í samstarfi við Landssamband ungmennafélaga staðið fyrir þátttöku ungs fólks í sendinefndum Íslands á völdum fundum hjá Sameinuðu þjóðunum og Evrópuráðinu. Markmið þessa er að raddir ungs fólks heyrist á alþjóðavettvangi og að auka lýðræðisþátttöku ungmenna og áhrif þeirra á stefnumótun, bæði á landsvísu og heimsvísu.

Í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028 er lögð rík áhersla á réttindi barna og þá sérstaklega réttinn til menntunar. Á grundvelli þess veitir Ísland framlög til alþjóðastofnana og annarra samstarfsaðila sem vinna að réttindum barna. Þar má helst nefna Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) sem sinnir fjölmörgum verkefnum sem ætlað er að efla réttindi barna, sinna neyðaraðstoð og bæta lífsgæði og aðgang barna að þjónustu.

Ísland styður samstarfsverkefni Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna og UNICEF um afnám limlestinga á kynfærum stúlkubarna, sem nær til sextán ríkja í Afríku og Jemen. Ísland fjármagnar einnig verkefni gegn kynfæralimlestingum í Síerra Leóne með Mannfjöldasjóðinum.

Ísland veitir framlög í jafnréttissjóð UNICEF sem meðal annars stuðlar að valdeflingu stúlkna, auknu aðgengi þeirra að menntun og þjálfun og að forvörnum vegna kynbundins ofbeldis. Þá styðja stjórnvöld verkefni um tíðaheilbrigði stúlkna í grunnskólum í Síerra Leóne en blæðingar eru ein aðalorsök þess að stúlkur þar flosna upp úr námi.

Jafnframt er unnið að framgangi mannréttinda barna í tvíhliða þróunarsamvinnu. Meðal verkefna má nefna samstarf við menntamálayfirvöld í samstarfshéruðum í Malaví og Úganda sem hefur stuðlað að bættu námsumhverfi í skólum þar sem yfir 100.000 börn stunda nám á hverju ári. Megináherslan er á að bæta aðgengi og gæði grunnmenntunar í fátækum og afskekktum samfélögum svo tryggja megi öllum börnum sömu tækifæri til að nýta rétt sinn til menntunar.

Lögð er áhersla á aðgengi fatlaðs fólks að grunnþjónustu í tvíhliða þróunarsamvinnuverkefnum Íslands. Menntun án aðgreiningar er lykilatriði í héraðsverkefnum Íslands, bæði í Úganda og Malaví, þar sem unnið er að því að auka aðgengi fatlaðra barna að menntun. Þá er sérstaklega hugað að aðgengi fatlaðs fólks í hreinlætis- og vatnsverkefnum í öllum samstarfsríkjum Íslands. Þannig er salernis- og hreinlætisaðstaða aðgengileg hjólastólum í verkefnum Íslands og UNICEF í Síerra Leóne og í flóttamannabyggðum á Vestur-Nílarsvæðinu í Úganda. Auk þess er stutt við mannréttindaverkefni Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP) í Malaví sem snýr meðal annars að réttindum fatlaðra barna og stuðningi við fjölskyldur þeirra.

Hinsegin fólk

Virðing fyrir mannréttindum hinsegin fólks er órjúfanlegur hluti af baráttunni gegn mismunun og nauðsynleg til að tryggja jöfnuð, frið og mannlega reisn.

Í fleiri en 60 ríkjum heims er samkynhneigð refsiverð og hafa nokkur ríki bæst í þann hóp á undanförnum árum. Í 11 af þessum ríkjum getur dauðarefsing legið við.

Í fleiri en 150 ríkjum eru samkynja hjónabönd ekki lögleg og samkynja pör geta ekki ættleitt börn.

Í fleiri en 70 ríkjum er ekki ólöglegt að mismuna fólki á vinnumarkaði á grundvelli kynhneigðar.

Á alþjóðavettvangi leggur Ísland áherslu á að:

- Berjast gegn ofbeldi gagnvart hinsegin fólki
- Vinna gegn mismunun og útrýma fordómum
- Stuðla að lagalegum umbótum til að tryggja mannréttindi
- Styðja við réttindabaráttu hinsegin fólks

Aðgerðir Íslands

Mannréttindi hinsegin fólks eru áhersluþáttur í samskiptum Íslands við önnur ríki og á vettvangi alþjóðastofnana. Ísland talar fyrir virðingu fyrir mannréttindum allra, óháð kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu. Víða hafa réttindi sem áður voru tryggð verið skert, mismunun aukist og samfélagsumræða harðnað. Þessi þróun ógnar grundvallarréttindum einstaklinga til að lifa við frelsi og öryggi. Ásamt því að standa vörð um þau réttindi sem þegar hafa áunnist, vinnur Ísland einnig að frekari framþróun í virðingu fyrir mannréttindum hinsegin fólks.

Ísland er aðili að kjarnahópi ríkja um málefni hinsegin fólks innan Sameinuðu þjóðanna í New York (e. *LGBTI Core Group*). Markmið hópsins er að samræma málefnastarf um réttindi hinsegin fólks til að tryggja virðingu fyrir mannréttindum og vernd gegn mismunun og ofbeldi. Kjarnahópurinn heldur sameiginlega viðburði til að vekja athygli á málefnum hinsegin fólks og stuðla að opnu samtali við önnur aðildarríki og frjáls félagasamtök. Þá er Ísland aðili að bandalagi yfir 40 ríkja sem berjast fyrir réttindum hinsegin fólks á heimsvísu (e. *Equal Rights Coalition*).

Stuðningur við réttindabaráttu hinsegin fólks er meðal áhersluatriða í störfum Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna 2025-2027. Á vettvangi ráðsins hefur Ísland stutt við embætti óháðs sérfræðings um málefni hinsegin fólks, en skýrslur embættisins þjóna mikilvægu hlutverki við að beina kastljósinu að mannréttindabrotum gegn hinsegin fólki. Ísland er einnig aðili að ríkjahópi um málefnið í mannréttindaráðinu (e. *SOGI Group of Friends*). Í allsherjarúttektum ráðsins á stöðu mannréttindamála hjá einstökum ríkjum leggur Ísland áherslu á að beina tilmælum til allra aðildarríkja um hvað betur megi fara í réttindum hinsegin fólks.

Hinsegin fólk er mjög berskjaldaður hópur í flestum þróunarríkjum og í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028 er lögð áhersla á stuðning við réttindabaráttu þess. Þessum áherslum stjórnvalda er komið til framkvæmdar með framlögum til alþjóðlegra og staðbundinna stofnana og samtaka, ekki síst grasrótarsamtaka í þróunarríkjum.

Íslensk stjórnvöld hafa meðal annars stutt regnhlífarsamtök á borð við *Outright International* og *ILGA World*. Samtökin vinna með félagasamtökum í þróunarríkjum að vernd mannréttinda hinsegin fólks með upplýsingastarfi, fræðslu og þjálfun svo efla megi grasrótina til lýðræðisþátttöku og stuðla að lagabreytingum. Þá er unnið að vernd baráttufólks fyrir mannréttindum gegn ofbeldi og ofsóknum.

Enn fremur styðja stjórnvöld við átaksverkefni skrifstofu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna, *UN Free & Equal*, sem miðar að því að berjast fyrir réttindum hinsegin fólks hvarvetna í heiminum og útrýma fordómum. Í tvíhliða þróunarsamvinnu er sérstaklega hugað að stöðu hinsegin fólks í samstarfslöndum Íslands, þar með talið með framlögum til mannréttindasamtakanna *Defend Defenders* í Úganda.

Ísland styður starf Alþjóðabankans í baráttu gegn efnahagslegri og félagslegri mismunun á grundvelli kynhneigðar og kynvitundar en slík mismunun hefur ekki aðeins áhrif á þá einstaklinga sem fyrir henni verða heldur einnig þau samfélög og hagkerfi sem þeir eru hluti af.

Lýðræði, tjáningar- og fjölmiðlafrelsi

Lýðræði og virkt réttarríki eru nátengd virðingu fyrir mannréttindum og er hvert háð öðru. Virðing fyrir tjáningar- og fjölmiðlafrelsi tryggir að borgarar geti tekið þátt í samfélaginu, dregið stjórnvöld og valdhafa til ábyrgðar og staðið vörð um réttindi sín.

Alþjóðlegir mælikvarðar benda til þess að framþróun lýðræðis á heimsvísu hafi staðnað eða jafnvel farið versnandi.

Um 70% heimsbyggðarinnar býr við einræði.

Meira en helmingur mannkyns býr í löndum þar sem staða fjölmiðlafrelsis er metin mjög alvarleg.

Fjölmiðlafólk sætir víða ofsóknum, fangelsunum eða pyntingum. Árin 2022-2023 voru 162 fréttamenn drepnir við störf, rúmur helmingur þeirra utan átakasvæða.

Ísland leggur áherslu á að:

Styðja við lýðræðisþróun og virkt réttarríki

Styrkja lýðræðis-menningu og borgaravitund

Vernda og styrkja tjáningar- og fjölmiðlafrelsi

Aðgerðir Íslands

Íslensk stjórnvöld tala fyrir lýðræði, tjáningar- og fjölmiðlafrelsi hvort sem er í tvíhliða samskiptum við önnur ríki eða á vettvangi alþjóðastofnana á borð við Sameinuðu þjóðirnar, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) og Evrópuráðið.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna ber Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) ábyrgð á fjölmiðlafrelsi og öryggi fjölmiðlafólks og heldur utan um tölfræði yfir fjölmiðlafólk sem hefur látið lífið við störf sín. Ísland hefur sérstaklega talað fyrir vernd fjölmiðlakvenna gegn stafrænu kynbundnu ofbeldi.

Ísland styður við fjölmiðlafrelsi á heimsvísu með fjárframlögum til verkefna á vegum UNESCO. Annars vegar er um að ræða alþjóðlegu áætlunina um þróun fjölmiðlunar (IPDC) sem miðar að því að efla fjölmiðlaumhverfi og styrkja sjálfstæða fjölmiðlun í þróunarríkjum, ríkjum í umskiptum og á átakasvæðum. Þá er lögð áhersla á viðbrögð við vaxandi upplýsingaóreiðu til að koma í veg fyrir að hún grafi undan lýðræði og mannréttindum. Hins vegar styður Ísland við sjóð UNESCO um tjáningarfrelsi og öryggi fjölmiðlafólks (MDP). Meðal verkefna sjóðsins er ráðgjöf til ríkja varðandi lagasetningu um fjölmiðla, átaksverkefni um fjölmiðlalæsi og stuðningur við fjölmiðlafólk á hættutímum.

Á vettvangi ÖSE er málaflokkurinn í forgrunni, meðal annars gegnum embætti sérstaks fulltrúa um fjölmiðlafrelsi sem hefur eftirlit með framfylgd aðildarríkja á skuldbindingum þeirra í málaflokknum. Undir ÖSE starfar Lýðræðis- og mannréttindastofnunin (e. *Office for Democratic and Human Rights*, ODIHR) sem er ein lykilstofnana á sínu sviði í Evrópu, Norður-Ameríku og Mið-Asíu. Stofnunin skipuleggur kosningaeftirlit víðs vegar um heim og starfrækir verkefni um framþróun lýðræðis í aðildarríkjum. Á vegum ÖSE er einnig haldin árleg ráðstefna þar sem frjálsum félagasamtökum og baráttufólki fyrir mannréttindum er boðið til samráðs um framfylgd aðildarríkja á samþykktum ÖSE um mannréttindi og lýðræði.

Í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna er Ísland í kjarnahópi ríkja um reglubundna ályktun um vernd funda- og félagafrelsis. Kjarnahópurinn stýrir samningaviðræðum um texta ályktunarinnar, sem lögð er fram þriðja hvert ár.

Ísland er aðili að ríkjahópi um fjölmiðlafrelsi (e. *Media Freedom Coalition*) og ríkjahópi um mannréttindi á netinu (e. *Freedom Online Coalition*). Ríkjahóparnir gefa út sameiginlegar yfirlýsingar og funda um stöðu tjáningar- og fjölmiðlafrelsis og öryggi fjölmiðlafólks.

Þá vinnur Ísland markvisst gegn refsileysi fyrir alþjóðlega glæpi. Ísland hefur stutt við alþjóðlega dómstóla á borð við Alþjóðasakamáladómstólinn (ICC) auk þess sem Ísland hefur stutt stofnun skaðabótanefndar og sérstaks dómstóls vegna glæpa gegn friði í Úkraínu. Með því að tryggja ábyrgðarskyldu fyrir stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyni, alvarlegustu tegundir mannréttindabrota, má vonandi fækka mannréttindabrotum framtíðar.

Íslensk stjórnvöld styðja við lýðræðisöfl í Belarús, meðal annars með framlögum í lýðræðissjóð ESB (e. *European Endowment for Democracy*) sem styður við mannréttindafrömuði og frjálsa fjölmiðlun í landinu. Ísland var einnig meðal 19 ríkja sem stofnsettu samstarfsverkefni um söfnun og varðveislu sönnunargagna vegna alvarlegra mannréttindabrota í Belarús (e. *International Accountability Platform for Belarus*). Ísland hefur sömuleiðis stutt við háskólanema og fræðafólk frá Belarús til náms við hugvísindaháskólann í Vilníus.

Íslensk stjórnvöld styðja alþjóðlegt verkefni Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP) sem miðar að því að styrkja réttarríkið og mannréttindi. Verkefninu er ætlað að stemma stigu við áskorunum sem steðja að réttarríkinu í þróunarríkjum, þar á meðal afleiðingum heimsfaraldursins, loftslagsvá og langvinnum átökum.

Horft fram á veginn

Þessi samantekt um áherslur og aðgerðir Íslands veitir yfirsýn yfir mikilvægt starf á sviði mannréttinda og sýnir hvernig gildi þjóðarinnar birtast í utanríkisstefnu. Hún undirstrikar að vernd réttinda og mannlegrar reisnar er ekki einungis siðferðileg skylda heldur lykillinn að varanlegum friði og stöðugleika í heiminum.

Framvegis sem hingað til mun utanríkisráðuneytið leggja áherslu á virkt samstarf um mannréttindi innanlands sem utan með nánu samráði við Alþingi, önnur ráðuneyti, stofnanir og frjáls félagasamtök.

Á tímum þar sem víða er vegið að grundvallar-mannréttindum er nauðsynlegt að Ísland beiti sér af fullum þunga fyrir því að mannréttindi allra séu virt og að öll ríki heims standi við alþjóðlegar mannréttinda skuldbindingar sínar. Ísland mun halda áfram að standa vörð um mannréttindi á alþjóðavettvangi með ábyrgum og skýrum hætti. Okkar rödd er sterk – og hún skiptir máli.

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið